

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 28. september 2023

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Með frumvarpinu stendur til að sameina Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn (RAMÝ), stuðla að frekari þekkingaruppbyggingu og efla starfsstöðvar á landsbyggðinni.

Samtökin skiluðu umsögn um áform um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í Samráðsgátt, dags. 13. júní 2023, og er sú umsögnin sem hér fer á eftir þeirri umsögn til fyllingar.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að Náttúrufræðistofnun yfirtaki réttindi og skyldur Landmælinga Íslands og RAMÝ. Gert er ráð fyrir að við sameininguna verði starfsfólk Landmælinga og RAMÝ hluti af hinni sameinuðu stofnunun og er jafnframta lagt til að heiti stofnunarinnar verði framvegis Náttúrufræðistofnun. Verði sameiningin að veruleika mun fjöldi starfsfólks í sameinaðri stofnun verða alls 72.

Samtökin fagna frumvarpinu og telja að um sé að ræða mikilvægar breytingar í þágu hagræðingar og aukinnar skilvirkni í ríkisrekstri.

Minni tvíverknaður og skörun verkefna leiðir til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem varið er til eftirlits, minni reglubyrði fyrir atvinnulífið og skilvirkari framkvæmd eftirlits. Ein mikilvægasta kerfisbreytingin sem hægt er að ráðast í til að auka skilvirkni og draga úr reglubyrði er að endurskipuleggja starfsemi eftirlitsstofnana þannig að verkefni þeirra séu sameinuð og sampætt en með því má lágmarka tvíverknað og skörun verkefna, segir til dæmis í skýrslu vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins um eftirlitsstofnanir sem birt var árið 2014.

Einfalt, skilvirk og hagkvæmt starfsumhverfi fyrirtækja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtökin vilja hvetja umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að huga að þessu og nýta tækifærið við fyrirhugaðar stofnana sameiningar til að endurskipuleggja og auka skilvirkni eftirlits, draga úr opinberum samkeppnisrekstri og auka útvistun.

Hið opinbera hefur lengi verið beinn þátttakandi í íslensku atvinnulífi og spannar samkeppnisrekstur þess nokkuð breitt svið, allt frá meðhöndlun úrgangs til fjármálaþjónustu. Tryggja þarf að starfsumhverfi opinberra fyrirtækja í samkeppnisrekstri sé sambærilegt við það sem á við um fyrirtæki á einkamarkaði.


Samkeppni við einkaaðila er ýmist stunduð innan einstakra ríkisstofnana eða í sérstökum félögum. Opinberum samkeppnisrekstri fylgja margar áskoranir og hafa þarf sérstakar gætur á að raska ekki samkeppni, til dæmis með skattaundanþágum, hærri launum en á almennum markaði, niðurgreiðslum úr almannasjóðum eða beinum samningum án útboða svo fátt eitt sé nefnt. Opinberar stofnanir eru barna ekki undanskildar en borið hefur á auknum samkeppnisrekstri hjá Veðurstofunni, ÍSOR og Landmælingum Íslands ásamt aukinni innhýsingu verkefna í beinni samkeppni við verkfræðistofur á einkamarkaði, en innhýsing opinberra aðila á verkfræðibjónustu hefur verið mikil og takmarkandi þáttur fyrir framþróun verkfræðistofa.<sup>1</sup> Samtökin vilja þ.a.l. hvetja ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála til að nýta tækifærið við sameiningu opinberra stofnana til endurskoðunar á starfsemi þeirra með það að markmiði að draga úr samkeppnisrekstri þeirra og innhýsingu verkefna.

Aukin skilvirkni ríkisstofnana er okkur öllum til hagsbóta og með vísan til alls framangreinds vilja samtökin hvetja til þess að málið hljóti góðan framgang og að frumvarp verði samþykkt á síðari stigum. Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir að svo komnu máli. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og eru reiðubúin að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.

**Virðingarfyllst,**

---

f.h. Samtaka atvinnulífsins  
Árni Grétar Finnsson



---

f.h. Samtaka iðnaðarins  
Sigríður Mogensen

<sup>1</sup> [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Greining-SI\\_Skortur-a-vinnuafli-og-innhysing-verkefna-hja-hinu-opinbera-heftir-voxt-verkfraedistofa-01-07-2022.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Skortur-a-vinnuafli-og-innhysing-verkefna-hja-hinu-opinbera-heftir-voxt-verkfraedistofa-01-07-2022.pdf)